



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 11. október 2016

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

11. október 2016, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Baldur Kjartansson, Höskuldur Haraldsson, Heiðbjört Antonsdóttir og Baldur H. Friðriksson.

Einnig mættur: Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: **HB Grandi** – Heimild fyrir lagningu á háspennu- og frárennislögn. Fyrir liggur samþykki nefndarfólks 09. september sl. – formlega tekið fyrir til afgreiðslu á fundi nefndarinnar. Meðfylgjandi erindi HB Granda og uppdráttur.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða heimild fyrir lagningu háspennu- og frárennislögn.

1. mál: **HB Grandi** – Hafnarbyggð 8, endurnýjaðir uppdrættir ASK arkitekta. *Lagt fram til kynningar en framkvæmdin var samþykkt á fundi 31.05 sl., þ.e. breytingar á frystihúsi HB Granda. Um minniháttar breytingar er að ræða á áður samþykktu erindi.* Meðfylgjandi er brunahönnun Verkís, lögð fram til kynningar og staðfestingar þess að verkið sé unnið reglugerð skv.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða heimild til breytinga frá áður samþykktum uppdráttum sem taka fyrst og fremst til spennistöðvar á lóð no. 12.

1. mál: **HB Grandi** – Hafnarbyggð 12. Sótt er um leyfi fyrir að byggja spennistöð í suðvesturhorni í lýsispró á áður samþykktu erindi. Um minniháttar mannvirki er að ræða á lóð Hafnarbyggðar 12, sem tekur yfir bróðurpart bygginga félagsins. Meðfylgjandi er umsókn, gátlisti og uppdrættir ASK arkitekta hér að lútandi.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir heimild til byggingar spennistöðvar að Hafnarbyggð 12 en gerir alvarlegar athugasemdir við vinnsluferlið.

1. mál: **Hofssókn** – umsókn um byggingarleyfi. Bréf Sigríðar Bragadóttur, sóknarnefndarfulltrúa, dags. 19.09.16 þar sem óskað er heimildar til byggingar safnaðarstofu Hofskirkju. Meðfylgjandi er afstöðumynd, grunnmynd húss og útlitsmyndir.

Skipulags- og umhverfisnefnd sér ekkert sem mælir á móti byggingu safnaðarstofu en tekur erindið fyrir aftur þegar fullnaðarupprættir liggja fyrir ásamt formlegri umsókn.

1. mál: **Ljósaland** – umsókn eigenda um heimild til að reisa stálgrindarviðbyggingu. Sbr. hjálagt erindi Edze Jan de Haan er um skissteikningar að ræða en óskað er eftir að fá að hefja framkvæmdir við grunnplötu en endanlegir upprættir verða innlagðir um leið og þeir berast.

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur mótttekið erindið en getur ekki gefið heimild til framkvæmda skv. fyrirbyggjandi gögnum. Þegar fullnaðarupprættir liggja fyrir ásamt formlegri umsókn mun nefndin taka erindið fyrir að nýju.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12:40.